



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

31. október 2011

Sáttargerð vegna brots á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Þann 3. ágúst 2011 gerðu Fjármálaeftirlitið og Sveitarfélagið Árborg með sér sátt vegna brots sveitarfélagsins á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst Sveitarfélagið Árborg, sem útgefandi skráðra skuldabréfa, við því að hafa brotið gegn 128. gr. vvl., með því að hafa ekki skilað lista yfir aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum til Fjármálaeftirlitsins innan tilskilins frests þrátt fyrir áminningu þar um.

Í 128. gr. vvl. er kveðið á um skyldu útgefenda til að senda Fjármálaeftirlitinu, í því formi sem eftirlitið ákveður, upplýsingar um fruminnherja, tímabundna innherja og aðila fjárhagslega tengda innherjum. Endurskoðaðan lista yfir innherja skal senda Fjármálaeftirlitinu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var það mat Fjármálaeftirlitsins að fjárhæð sáttarinnar væri hæfilega ákveðin kr. 400.000,-.